



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 241

Iðnráð Reykjavíkur

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 241

Iðnráð Reykjavíkur

Formáli

Iðnráð Reykjavíkur var stofnað í Baðstofu iðnaðarmanna á Þorláksmessu árið 1928 að tilhlutan iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Fyrsti formaður þess var Jón Halldórsson. Fundarritarar fyrsta fundar voru Guttormur Andrússon og Þorkell Þ. Clementz.

Árið 1937 gaf ríkisstjórnin út reglugerð um kosningu og starfssvið iðnráða á landinu. Í samræmi við það starfaði Iðnráð Reykjavíkur óslitið þar til í janúar 2002, er Alþingi samþykkti tillögu iðnaðarnefndar Alþingis um að leggja niður öll iðnráð í landinu. Í framkvæmdastjórn þessara félagasamtaka voru að mestu leyti sömu mennirnir fram til ársins 1937 og svo aftur frá 1945.

Iðnráð Reykjavíkur hefur átt húsaskjól allvíða. Það hefur lengst af haft aðsetur sitt á skrifstofu Landssambands iðnaðarmanna, sem var til húsa í Lækjargötu.

Þann 10. mars 1967 brann iðnaðarbankinn í Lækjargötu. Þá brann megnið af bréfum og bókum sem tilheyrðu Iðnráði, og heill skjalaskápur úr járnri gjöreyðilagðist, en einnig fundargerðabækur, sjóðbækur, reikningar og fylgiskjöl, sem og fundargerðarbækur Iðnráðsins og framkvæmdastjórnar, en í þær bækur voru öll erindi skráð, sem Iðnráði höfðu borist til umsagnar og afgreiðslu, auk fjölda bréfa, og afrita og margt fleira.

Eftir það hafði Iðnráð Reykjavíkur afnot af húsnæði að Hallveigarstíg 1 og fékk loks að nýta fundarherbergi að Suðurlandsbraut 30 allt til loka starfseminnar.

Verkefni Iðnráðs Reykjavíkur hafa einkum verið af tvennum toga. Lögreglustjórinn í Reykjavík og sýslumannsembætti landsins sendu Iðnráði Reykjavíkur umsóknir um meistarabréf til umsagnar. Framkvæmdastjórnin kannað starfstímavottorð og önnur gögn og endursendi síðan ásamt meðmælum eða höfnun. Þá hefur gjarnan verið leitað álits Iðnráðs þegar iðngreinar skarast og mál hafa farið fyrir dómstóla. Framkvæmdastjórnin hefur þá fundað með Iðnráðsfulltrúum iðngreina, ásamt stjórnnum félaganna, kannað námsskrár og veitt síðan álit sitt.

Guðmundur Ó. Eggertsson, afhenti eftirfarandi gögn Borgarskjalasafni 9. apríl 2003.

Skjalasafn

Askja 1

Greinargerð um stofnun Iðnráðs Reykjavíkur, undirrituð af Lúther Jónssyni, Guðmundi Ó. Eggertssyni og Benedikt Sigurjónssyni, 2003.

Endurritun fundargerðabókar fyrir Iðnráð Reykjavíkur frá 23. des. 1928 – 24. júní 1937 ásamt inngangi.

Reikningar Iðnráðs Reykjavíkur, 1967-1987

Kjörbréf til Iðnráðs Reykjavíkur, 1992.

Félagslíf. Menning.

Iðnfræðslumál, og fl. í möppu.

Óafgreidd mál, ca. 1985.

Bréfsefni; viðurkenningarskjal, úrkippur; fylgiskjal með skattframtali, 1984.

Askja 2

Gjörðabók; gögn frá iðnþingi 1967 og ýmis bréf, t.d. um skipun prófnefnda frá 1968.

Askja 3

Iðnráð: Bréf, prófnefndir, o.fl., ca. 1972-1976.

Askja 4

Fjármál, ca. 1983, 1986-1988, 1995-1996.

Askja 5

Kjörbréf gilda 1976; reikningar; ýmsar kvittanir 1979; reikningar 1976-1978, o.fl.

Askja 6

Gögn frá Landssambandi iðnaðarmanna; ýmis bréf svo sem frásagnir af ársfundum Iðnráðs og listi yfir Iðnráðsfulltrúa 1980-1984; skipunarbréf sveinsprófsnefnda.

Askja 7

Beiðni um aukin fjárframlög til starfsemi iðnráða 1980, erindi 1984-1985.

Askja 8

Umsóknir og afgreiðslur meistarabréfa í húsasmíði 1966-1984; ásamt ýmsum bréfum.

Askja 9

Umsóknir og afgreiðslur meistarabréfa 1969-1984, ásamt ýmsum bréfum.

Askja 10

Umsóknir og afgreiðslur meistarabréfa 1971-1980

Askja 11

Umsóknir og afgreiðslur meistarabréfa 1972-1983.

Askja 12

Umsóknir og afgreiðslur meistarabréfa 1978-1982.

Askja 13

Umsóknir og afgreiðslur meistarabréfa 1973-1987, o.fl.

Askja 14

Umsóknir og afgreiðslur meistarabréfa 1974-1982.

Askja 15

Umsóknir og afgreiðslur meistarabréfa 1985-1989.

Askja 16

Umsóknir og afgreiðslur meistarabréfa 1985-1992.

Askja 17

Umsóknir og afgreiðslur meistarabréfa 1989-1991;
ásamt ýmsum bréfum.

Askja 18

Umsóknir og afgreiðslur meistarabréfa 1995-1998.

Askja 19

Umsóknir og afgreiðslur meistarabréfa 1999-2001.

Askja 20

Umsóknir og afgreiðslur meistarabréfa 2000.

Askja 21

Umsóknir og afgreiðslur meistarabréfa 2001.